



475. Stjórnarfundur haldinn 29. sept. 2016 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG) og Birgir Ingibergsson (BI).

Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fulltrúi körfuknattleiksdeildar mættur á fund.

Björn Víkingur Skúlason var mættur á fund til að fylgja eftir erindi körfuknattleiksdeildar, en deildin er að óska eftir því að fá greiðslufrest á láni sem aðalstjórn lánaði deildinni og er á gjalddaga 1. október 2016 með greiðslu sem kom átti frá Landsbanka Íslands vegna samstarfsamnings körfuknattleiksdeildar Keflavíkur. Björn fór létt yfir stöðu deildarinnar og það sem væri framundan. Körfuknattleiksdeild. EH þakkaði Birni fyrir komuna og yfirferðina á því sem framundan er hjá körfuknattleiksdeildinni.

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Tilboð frá bílaleigunni Geysi til stjórnarmann og leikmann Keflavíkur. *Sent í tölvupósti á stjórnir.*

Skoðunarskýrsla Brunaviðvörðunarkerfis Hringbraut 108. Engar athugasemdir. *Móttekin.*

Bréf frá VÍS v/ endurnýnnar á slysaftryggingu launþega og / eða frjálsri ábyrgðartryggingu.

Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu.

Tölvupóstur frá formanni fimleikadeildar v/ umsóknar deildarinnar í Íþróttasjóð Ríkisins (Rannís).

Móttekið.

Bréf frá UMFÍ v/boðunar á Sambandsráðsfund 15. október Laugum Sælingsdal. *Móttekið.*

Bréf frá formanni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur vegna frestun á greiðslu láns. *Umræður um málið var tekið undir lið 1. og samþykkt að veita körfuknattleiksdeild eins árs frest. Framkvæmdastjóra falið að skrifa bréf til Landsbankans þess efnis.*

4. Send bréf.

Þrjár umsóknir sendar í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ.

Tölvupóstur sendur á deildir vegna skipan á fulltrúa hvefarr deildar vegna jólablaðsins.

5. Málþing Keflavíkur.

Umræður um hvernig skuli standa að því. Stefnt er að halda málþingið á næstu mánuðum. EH kynnti rafræna svörun á spurningum sem hugsanlega verða lagðar fram á málþingi. Tekið fyrir á næsta fundi.

6. Jólablað Keflavíkur.

Jólablaðið. Búið er að tala við viðmælanda okkar sem verður í opnuviðtalinu. Þar að finna aðila sem sér um að taka viðtalið.

7. Námskeið.

Námskeið í Nora var haldið mánudaginn 19. september kl. 17:30 fyrir stjórnarfólk og þjálfar.

Frekar dræm þátttaka var en það voru fjórir stjórnarmenn og fjórir þjálfarar sem komu.

Skyndihjálparnámskeið verða í október og eða í nóvember dagsetning ekki komin, en er væntanleg.

8. Önnur mál.

Skjávarpa og tjöld. EH lagði fram tilboð frá Omnis. Stjórnarmenn ánægðir með tilboðið.

Kaup á stuðningsmannakortum körfunnar. Framkvæmdastjóra falið að kaupa kort.

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar er á laugardaginn 1. október og er stjórnarmönnum og mökum aðalstjórnar boðið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:55.

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 13. október 2016 kl. 18:00.

Fundinn ritaði EH.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

